



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 17. nóvember 2025

MSS25100126

MINNISBLAÐ

Varðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skoðanakönnun meðal fólks á barneignaaldri um leiðir til að brúa umönnunarbilið

Á fundi borgarstjórnar 21. október 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Borgarstjórn samþykkir að láta framkvæma skoðanakönnun meðal fólks á barneignaaldri í Reykjavík á þeim leiðum sem það óskar helst til að brúa umönnunarbilið milli fæðingarorlofs og leikskóla eða daggæslu. Markmið rannsóknarinnar verði að kanna með hvaða hætti getur reynst unnt að mæta fjölbreyttum þörfum barnafjölskyldna í Reykjavík. Jafnframt verði rannsakað hverjir hafa borið byrðarnar undanfarin ár af bæði umönnunarbílinu og þeim þjónustubresti sem reglulega kemur upp á leikskólastiginu. Leitað verði atbeina Félagsvísindastofnunar við framkvæmd könnunar og ráðgjafar óskað um bestu útfærslur hennar.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Vegna tillögunnar var send fyrirspurn til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og óskað eftir tillögum að útfærslu könnunar og áætlun um kostnað við verkefnið. Þann 7. nóvember barst verkefnistillaga með kostnaðaráætlun.

Lagt var til að taka 1500 manna úrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar og 2200 manna úrtak úr þjóðskrá. Úr netpanel var lagt til að taka 1500 manna slembiúrtak Reykjavíkinga 20-45 ára og send yrði könnun í tölvupósti sem svarað yrði rafrænt. Ennfremur yrði 2200 manna slembiúrtak tekið úr þjóðskrá meðal Reykjavíkinga á aldrinum 20-45 ára. Sent yrði kynningarbréf með slóð á könnunina og lykilorð.

Spurningalisti með u.þ.b. 20 spurningum að meðtöldum bakgrunnsspurningum yrði saminn í samvinnu við verkkaupa. Upplýsingar um kyn, aldur og búsetu myndu fylgja úrtökum úr þjóðskrá.

Heildarkostnaður var áætlaður um 7 milljónir kr. án virðisaukaskatts. Sá kostnaður rúmast ekki innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.



Reykjavík